

**Ed.**

**799. Nefndarálit**

[201. mál]

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 15. 8. marz 1948, um innflutning búfjár.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Með lögum um innflutning búfjár, sem nú er lagt til að semja viðauka við, voru færð saman lög nr. 27/1931, 45/1933, 9/1934 og 16/1941, og jafnframt voru skert verulega öll ákvæði, er lutu að því að tryggja það, að sjúkdómar gætu ekki horið til landsins með innfluttu búfé. Reynslan hafði kennt mönnum, að hér þurfti að gæta varúðar. Þótt ekki mætti 1931 og 1933 samþykkja, að innflutt búfé væri árlangt einangrað í eyju og síðan þar reynt, hvort smitunarhætta stafaði af því, þá hafði nú álit manna breytzt, svo að nú var sett í 5. gr. laganna, að einangra skyldi innflutt búfé 6 vikur í landinu, sem það væri flutt úr, áður en það færi af stað hingað til lands og að ríkið skyldi koma upp sóttvarnarstöð í eyju í nágrenni Reykjavíkur og þangað flytja allan fénað, er inn væri fluttur. Þar skyldi hafa hann í sóttkvi í 16 vikur. Að þeim tíma liðnum má losa hann úr sóttkvinni og leyfa honum samgöngur við innlendan fénað í eyinni, ef yfirdýralæknir leyfir. Eftir ársveru

í eyggi má flytja sæði úr hinum innflutta fénaði í land (sbr. 10. gr.), en aldrei sjálfan fénaðinn.

Með þessum ákvæðum sýndi bæði Búnaðarþing og síðan Alþingi, hve varlega það vildi, að farið væri. Síðan þessi lög voru sett er nú liðið ár. Enn hefur ekkert verið gert til þess að koma upp sóttvarnarstöð þeirri, sem um ræðir í 4. gr. laganna, en hún mælir svo fyrir, að stöðin skuli byggð áður en nokkur innflutningur sé leyfður. Yfirdýralæknirinn hefur líka lent í vandræðum með einangrun skepna, sem inn hafa verið fluttar síðan — oftast ólöglega —, og það er tilviljun ein, að ekki hafa orðið slys af, og raunar alls ekki fullreynt enn, hvort svo hafi ekki orðið. En nú á að slaka til aftur með þeim viðauka á lögnum, sem nú liggur fyrir og fjórir nefndarmenn leggja til, að sé samþykktur. Sæði eða nautgripi af mjólkurkyni eða holdakyni á nú að leyfa að flytja inn, þó að sóttvarnarstöðin sé ekki byggð áður, eins og 4. gr. laganna frá 1948 þó mælir fyrir um. Ríkið á ekki að vera innflytjandi, eins og lögin frá 1948 ákváðu, ef búfé væri flutt inn, heldur einstaklingar, sem eiga að fá leyfi til þess eftir lögnum, þó að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og tilraunaráðs búfjárræktar. Engin ákvæði eru um það, að þeir, sem hafa með heilbrigðismál búfjárins að gera, skuli leggja orð þar að, og ætti þó ekki síður að leita álits yfirdýralæknis og rannsóknarstöðvarinnar á Keldum um málið en tilraunaráðs búfjárræktar.

Hins vegar gerir 2. gr. frumvarpsins nú ráð fyrir, að leyfi til innflutnings sé bundið því skilyrði, að innflytjandi sjálfur reisi og reki sóttvarnarstöð og sé gerður sérstakur samningur um rekstur hennar milli innflytjanda og ríkisstjórnarinnar.

Allt er þetta til að draga úr því öryggi, er reynt var að skapa með lögnum frá 1948, og þó að ég telji, að vel sé hægt að húa svo um, að sjúkdómar þurfi ekki að berast til landsins, þótt sæði eða nautgripir sé flutt inn, þá bendir frumvarpið til þess, að slaka eigi til frá þeim öryggisráðstöfunum, sem settar voru í lögin frá 1948, og gæti það bent til þess, að áður en menn vissu af, væri komin sýki í kýr okkar, t. d. smitandi kálflát, sem getur horið með sæði, en það er næst á eftir berklum og gin- og klaufaveiki versti sjúkdómur og skaðlegasti, sem bændur geta fengið í kýr sínar. Þegar af þessari ástæðu er ég á móti frumvarpinu. Ætti það að samþykkjast, ætti að skerpa öryggið frá því, sem það er í lögnum frá 1948, en ekki slaka til á því.

En hér kemur líka fleira til, og þá fyrst það, hvort okkur sé þörf á innflutningi nautgripa eða ekki. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að bæði geti orðið að ræða um innflutning af mjólkur- og holdakyni. Í 2. gr. laganna frá 1948 er svo fyrir mælt, að Búnaðarfélag Íslands skuli ákveða, hvaða búfjárkyn skuli flutt inn og frá hvaða landi, og skuli, áður en það er gert, leita upplýsinga um heilbrigðisástand búfjár í því landi og landshluta, er búféð er tekið frá, frá viðkomandi heilbrigðisyfirvöldum. Líklegt er, að innflytjendur vildu nú ráða þessu sjálfir, en ekki sýnilegt eftir frumvarpinu, sem nú liggur fyrir, að þeir geti það, nema þá í samráði við þá, er það eiga að ákveða nú eftir lögum. Það er því erfitt að segja um, um hvaða mjólkurkyn kynni að verða að ræða. Þó hefur heyrzt, að Reykjavíkurbær hafi sérstaklega áhuga fyrir innflutningi „Ayrshire“, sem er hyrnt, rauðskjöldótt kúakyn í suðvestur-Skotlandi. Víða hefur það verið flutt og kynbætt frekar í Ameríku. Meðalnytthæð kúa af þessu kyni í nautgriparræktarlögum Skotlands er nú um 2900 kg með 3,80% fitu. Kýrnar vega um 450 kg lifandi. Einstaka hjarðir mjólka meira að meðaltali og í Ameríku til muna meira, eða kringum 6000 kg að meðaltali í góðum hjörðum, og í einstaka ef til vill mun meira. Til samanburðar er meðalnyt islenzkra kúa 1946 og 1947 3100 kg með 3,76% fitu. Meðaltöl einstakra kúabúa hér eru um 4000 kg með um 4% fitu. Það verður því að sækja það bezta af Ayrshire-kúnum, ef þær eiga að taka okkar kúm fram.

Okkar kýr lifa mest af heyi. Meðalkýrin þarf um 1100 fóðureiningar á ári sér til viðhalds, en alls fást okkar kýr til að éta kringum 2600 fóðureiningar af heyfóðri og hafa því um 1500 fóðureiningar til þess að breyta í mjólk og kálf. Þær geta því

af heyfóðri einu mjólkað upp í kringum 3500 lítra af mjólk á ári og þurfa fyrst fódurbæti, mjólki þær meira eða sé heyið ekki ágætt, en við það er miðað hér, þótt lítt sé raunar tíðara, að heyfóðrið sé ekki ágætt, ýmist af því að taðan er ekki góð í eðli sínu (raklent tún, léleg rækt o. fl.) eða hún hefur ekki verkast sem skyldi. Ayrshirekýrin þarf aftur um 1400 fódureiningar sér til viðhalds, og ef hún gæti ekki étið meira hey en sú islenzka, þá hefði hún ekki nema um 1200 fódureiningar til þess að breyta í kálf og mjólk og mundi því af sama heyfóðri og islenzka kýrin mjólka yfir 600 kg minna. En fengi hún nægan fódurbæti, þá gæti hún, ef hún væri valin af beztu stofnunum í Ameríku, vafalaust mjólkað meira en okkar kýr. Nú lít ég þannig á, að við höfum okkar kýr fyrst og fremst til þess að breyta því fóðri, sem við sjálfir öflum, í mjólk, og til þess eru okkar kýr beztar. Þjóðfélagslega séð eigum við ekki að kaupa fódurbæti til að viðhalda stærri kúm, heldur til þess eins að fullnýta okkar beztu kýr og bæta upp lélegt fóður.

Hitt er svo annað mál, að eins og verðlag á heyi og fódurbæti er nú, þá er fódurbætirinn miklu ódýrari en heyið, og því getur borgað sig að gefa islenzkum kúm lítið hey en mikinn fódurbæti og fá erlendar kýr, stórar, nytháar og þurftarfrekar, hingað og kaupa handa þeim fódurbæti og láta þær breyta honum í mjólk, en undir þá þróun á Alþingi ekki að ýta með löggjöf. Fyrir einstakling gæti því innflutningur á erlendu mjólkurkyni borgað sig, eins og verðlag í landinu er nú, ef hann ætti víst að fá nægan mais og oliukökur handa því. En ef hann þyrfti að ala þær á tómu heyi, þá hefði hann margfalt tap af því, samanborið við að hafa islenzkar kýr. Þjóðfélagslega séð er því rangt að flytja inn erlent mjólkurkyn, nema þá Jersey-kýr, sem eru líkar að stærð okkar kúm, viðkvæmar, en hafa mjög feita mjólk, og gæti verið til athugunar, hvort ekki væri heppilegt að hafa þær á stöðum, þar sem smjör er unnið úr allri mjólkinni, því að vissulega þarf smjörframleiðslan að aukast. Það mál þarf þó miklu meiri athugunar við, þótt á það sé hér bent, að sá innflutningur gæti verið umtalsverður og athugandi.

Um holdakúakyn gildir allt annað. Hér á landi er nú visir að slíku kyni út af nautkálfi þeim, er einn úr stjórn Búnaðarfélags Íslands bjargaði undan hnifnum, er ensku nautgripirnir voru fluttir inn og drepnir eftir einangrun í Þerney. Þrátt fyrir ýmsar ráðstafanir til að reyna að fá samanburð á vænleika kálfa undan áður nefndu nauti og islenzkum kúm og kálfa af alislenzkum uppruna verður ekki sagt, að sá samanburður sé til. Þó var og er sýnilegt, að hálfblóðskálfarnir eru vænni. Hins vegar hafa flestar kýr, sem aldar hafa verið upp út af nefndum nautkálfi, reynzt mjólka með afbrigðum illa, og hafa þeir, er alið hafa upp mjólkurkýr út af honum, gert sér með því margfaldan skaða.

Sama gildir hér og um mjólkurkynið, að líklegt má þykja, að innflytjandinn vilji sjálfur ráða, hvaða kyn er flutt inn, en eftir 2. gr. laganna frá 1948 á hann ekki að gera það. Öll holdakúakyn eru miklu stærri en okkar kyn og þurfa miklu meira fóður. Sum þeirra eru ekki vandfóðruð, en af þeim er ekki fyrsta flokks kjöt (Langhyrningar, Galloway). Önnur þurfa gott fóður og er kjöt þeirra yfirleitt miklu betra (Stutthorn, Aberdeen-Angus o. fl.).

Helzt hefur mér skilizt, að menn hugsi sér innflutning af Langhyrningum eða Galloway-kyni. Þau eru bæði harðgerð og er beitt í heimkynnum sínum. Hér mundi það líka vera hægt, en þau krefjast vallendisbeitilands og mundu lítil skil gera mýra- og flóabeit. Innflutningur þeirra kemur því ekki til greina í þeim landshlutum, þar sem þegar vantar beiti land handa mjólkurkúnum, en það er nú að verða nokkuð víða, þótt úr því kunni að rakna með uppþurrkun lands, sem nú er möguleg með skurðgröfunum, og aukinni ræktun, en margir stefna nú að því að geta beitt kúnum allt árið á ræktað land.

Sumir hugsa sér þessa gripi koma í stað útigangshrossanna og halda, að þeir verði miklu arðsamari. Um það skal engu spáð, en eigi að slátra þeim á öllum árstímum, en ekki eins og sauðfé eingöngu að haustinu, þá er víst, að það þarf að fita þá áður en þeim er slátrað, og þá þarf um 4 fódureiningar til 1 kg aukningar í lif-

andi þunga. Framleiðsla kjöts af holdanautgripum, sem ætti að vera nýtt á markaðinum á öllum ársins tímum, byggist þá að verulegu leyti á fódurbætisgjöf. Og þá athugi menn, hvort réttara sé að láta sauðféð breyta gróðri afréttanna í kjöt, sem að visu er þá ekki á markaðnum nýtt nema að haustinu, en hinn tíma ársins frosið, eða hafa nautgripi, sem fita má með aðkeyptum fódurbæti og slátra jöfnum höndum allt árið.

Innflutningur af sæði til kynbóta er bæði dýr og seinvirkur. Ef hugmyndin er að koma hinum erlenda stofni hér upp með innflutningi sæðis og áframhaldandi blöndun, tekur það milli 10 og 20 ár, þar til blendingsskepnurnar teljast nokkuð hreinar. Slikur innflutningur er geipidýr, m. a. vegna þess, hve vangæft er að fá sæði, þegar kýrnar, sem sæða á í eygni, beiðast. Væru 30 kýr í eygni, er sæða ætti, má ætla, að eins oft þyrfti að fá sæði erlendis frá, því að ólíklegt er, að tvær beiddust sama daginn. Næðist sæði í þær allar, yrðu til um 15 kvígukálfar á öðru ári. Í þá þyrfti að fá sæði næsta ár o. s. frv., svo að alltaf ykist erlenda blóðið í hjörðinni. Loks kæmi að því, að það elzta úr hjörðinni yrði talið hreint. Þá má eftir lögunum frá 1948 ekki flytja skepnurnar í land, heldur einungis sæði úr þeim. Og það þarf helzt að flytjast á þá staði á landinu, sem mjólkursala er ekki á og þar sem góð skilyrði eru fyrir útigangsfénað.

Allt þetta er miklum erfiðleikum háð og virðist þurfa að byggjast allt öðruvísi upp, ef ganga á inn á þá braut að breyta útigangspeningi hrossahéraðanna úr stóðhrossum í villinaut. En þar sem ég legg ekki til, að inn á þá braut sé farið nú að lítt yfirveguðu ráði, skal það ekki rætt hér og ekki gerðar breytingartillögur, sem þó er nauðsynlegt að gera, ef inn á þá braut á að fara.

Mjög mætti stytta þann tíma, sem til þess gengi að fá stofninn upp, ef inn væru fluttir nýbornir kálfar, og mundi það líklega kosta helming af því, sem það kostaði að flytja inn sæði til áframhaldandi kynblöndunar. En væri það hugsað, þarf enn að gera breytingar á lögunum frá 1948, m. a. því ákvæði 5. gr., er ákveður, að innfluttar skepnur skuli einangrast 6 vikur í útflutningslandinu áður en þær séu fluttar þaðan.

Af þessu öllu saman legg ég til, að frumvarpið sé fellt. Það er ekki þjóðhagslega rétt að flytja inn erlent mjólkurkúakyn. Það er alrangt að flytja inn erlend holdakúakyn til að „kynbæta hinn innlenda nautgripastofn“ og vafasamt mjög, hvort það er rétt til framleiðslu sláturgripa. Það er alrangt að slaka til um þær öryggisráðstafanir, sem settar voru í lög frá 1948 til að tryggja það, að sjúkdómar berist ekki til landsins með innfluttum gripum. Vegna þess á að fella frumvarpið.

Ég óskaði þess, að fengið væri álit yfirdýralæknisins um málið, svo og rannsóknarstofnunarinnar á Keldum, en meiri hluti landbúnaðarnefndar þurfti ekki á upplýsingum frá þeim að halda, enn síður frá stjórn Dýralæknafélags Íslands. Reynsla innflutnings búfjár hina síðustu áratugi mun hafa kennt landbúnaðarnefndar meirihlutanum nóg, svo að hann gat tekið sínar ákvarðanir án frekari upplýsinga frá sérfræðingum.

Ég lagði á sínum tíma til ásamt Metúsalem Stefánssyni, að innflutta sauðféð væri einangrað árlangt í eyju og síðan þar blandað íslenzku fé, svo að séð yrði, hvaða gagn leiddi af blönduninni og hvort það smitaði íslenzka féð. Að því reyndu væri því blandað saman við stofninn í landi. Við því var þá skellt skollaeyrum. Nú legg ég til, að þetta frumvarp verði ekki samþykkt, en get eins húízt við því gagnstæða, þar sem fjórir af nefndarmönnum leggja það til. Og verði það, vænti ég, að mér verði ekki síðar kennt um afleiðingarnar, hverjar sem þær verða.

Alþingi, 16. maí 1949.

Páll Zóphóníasson.